

25 febrúar 2017

The Beatles. Þeir hættu.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint.



Eitt sinn voru þeir með okkur, skömmtuðu okkur umræðuna, útbjuggu fyrir okkur afþreyinguna, gáfu okkur tónlistina og uppáhaldssöngvanna, gerðu okkur glöð þegar lag frá þeim hafnaði í fyrsta sæti á vinsældarlista, veittu sitt skjól má segja í skúrunum, leiddu sumpart fatatísku og sköffuðu okkur hvort sem var jakka, skó, vesti sem við vildum eignast bara vegna þess að þeir klæddust þeim. Gerðu okkur þyrst eftir að fá fréttir, og mikið af þeim. Orsökuðu rífrildi og þrætur milli hópa um hvorir bæru betri. Stuðluðu að æði sem gekk yfir heiminn með öskrum, klappi, stappi, handahreyfingum og bendingum, hlaupum, áhuga, eftirvæntingu og tilfinningasveiflum slíkum, að áður hafa ekki sést hvorki fyrr né síðar og var ástand sem löggan í löndunum réð illa við en hafði samt betur. Spyrjandi sig hvenær þessu öllu lyki. Fólk hópaðist að öryggisgirðingu þeirri sem sett hafði verið upp til að hafa á fólkinu heimil. Þurrkandi svitann af enni sér af spurðu löggur hvora aðra hvort þeir létu aftur sjá sig. Ekki af neinni óvild heldur alls vesensins sem koma þeirra olli.



Allskonar varð að söluvöru sem ekki hafði verið það áður. Eitt voru strimlar úr lökum sem sannanir fylgdu um að þeir hefðu legið á þeim meðan þeir gistu á hótelinu. Strimla þessa keypti fólk til minja og sagðist alsælt með sín kaup og töldu þau góð. Fæstir vissu við hvað lakstrimlanna skildi gera. Á lóð hótlesins skiptu þeir samt um eigendur.

Margt nýtt kom með þeim og viss flóðbylgja hófst og dreifðist yfir mörg svæði og snerti margt á ferð sinni. Hún snerti lífið og breytti sumu.

Koma þeirra var ágætis kennsla í því hvernig fólk hegðar sér þegar hrifningin nær fullum tókum og tekst að skrúfa það í hæðir. Æskan er heit og ginnkeypt fyrir allskonar og meira en gerist eftir að árin færast yfir. Æskan er tímabil sem fólk skal fá að lifa.

Meira var kringum þá. Plötusala jókst eftir að þeir komu með sína fyrstu hljómplötu og allt byrjar að seljast og gera í áður óþekktu magni. Tæki og tól sem notuð voru til að toga fram tóna hljómplatnanna fá aukna athygli og peningur lagður í til að hraða þróun eins og frekast væri hægt. Allt til að ná út meira af gæðatónum. Gæði hátalara aukast og eru betrubættir með hverju nýju módeli inn á markaðinn. Allt af hinni stórauðni hljómplötusölu og lífsins sem kviknaði við komu þeirra. Allt í gangi vegna komu þeirra og þess sem þeir áttu til og gerðu og við vitum að er músík.




Myndin til vinstri sýnir einn fylgifysk hljómsveitarinnar. Fjölmenni saman komið til eins. Sjá þessa tilteknu fjóra einstaklinga. Þeir voru málið.

Annar fylgifyskur voru girðingar og her lögreglumanna að reyna að stemma stígu við og hafa hemill á æstum grúa.

Annað sem algengt var voru breiður af fólki og þeir það sem allt snérist um og var ekkert annað en skært merki og hróp frá fólki til þessara manna um: „Leiðið

okkur. Leiðbeinið okkur. Verið vor fyrirmynd“.- Svona var þetta í grunninn. Sanngjarn? Af og frá. En krafan á bak við allan hasarinn. Kröfur fólks eru ekki alltaf sanngjarnar.




Líklega ertu búinn að átta þig á um hverja sé verið að fjalla og kannast við fólkið á myndinni til vinstri og hefur heyrt lögin og átt máski enn í dag hljómplötturnar sem hljómsveitin gaf út og veist að voru heilarnir á bak við hið risavaxna og tröllaukna batterí sem allt þetta varð til undir nafninu The Beatles og veist að þetta frábæra fólk og miklu vinir okkar voru frá Liverpool á Englandi.

Svo slokknaði ljósið með yfirlýsingunni um að hljómsveitin væri hætt og fólk sumt hrundi saman í allsherjar sjokki sem töldu þá verða með sér til eilífðarnóns en öllu lauk með ekki

svo yfirlætismikilli yfirlýsingu sem barst og leit svona út: „Paul hættur í Bítlunum“. Ekki fyrirferðarmikið en afleiðingar allar hreint ótrúlegar. Í þeim lá fyrirferðin. Sneplar veraldarinnar birtu yfirlýsinguna, fjölmiðlar fjölluðu um hana, vildu viðtal við höfund hennar, birtu mörg viðtöl um hann og við hann með sömu spurningu á vörum sínum. „Hvers vegna gerðir þú þetta“? Með öðrum orðum: „Hvers vegna gerir þú „okkur“ þetta. – Okkur - aðdáendunum“- Gat hafa leynst í spurningunni.

Allt á spani og menn horfandi hver á annan spyrjandi sjálfan sig “Hvað nú? Engir Bítlar lengur starfandi, ekkert húllumhæ lengur né spenningur um hvað Bítlarnir geri næst. Allt farið. Gat það verið verra? Nei. Samt lifðum við „hrunið“ af og sumir orðnir 63 ára (2017) og geta á afmælisdag sinn hvenær sem hann er á árinu sett „When I’m Sixty Four“- og sungið með söngnum. Víst gat það verið verra. Við, til að mynda,



ekki lifað daginn að verða 64 ára og heyra sönginn.

Hugsíð ykkur forréttindin að árgangur 1953 (árgangur höfundar) geti hlustað á „When I‘m Sixty Four“- árið 2017 og sagt stoltur: „Afmælisöngurinn minn í ár“

Samt kláraðist ekki allt þarna heldur skildi tímabilið heilmargt eftir handa. Bítlaplötunar voru bara eitt. Allar frábæru minningarnar um fjölbreyttar kringumstæður sem hver dagur færðu okkur á hreinu fati. Allt verðmæti sem skilið var eftir handa fólkinu sem var með og statt í miðri hringiðunni. Eftir að þeir voru hættir.

Frá lokun búðarinnar hafa þeir verið á sérstalli og sérklassa og umbreyst þar í „óhreyfanlegt afl“. Og er svo enn. Hvernig getur svona lagað gerst? Ein er ástæðan. Fólkið. Það vildi þetta sjálft. Öndvert við einræðið sem það hamast við að gleyma. Loksins er það hefur losnað við.

Bítlaplötur, að dæmi sé tekið, fóru aldrei svo höfundur muni á útsölu. Ekki voru heldur Bítlalög finnanleg á safnplötum þeim sem gefnar voru út með vinsælum lögum hvers tíma. Allt vegna þess að vera sér á báti og seljast jafnt og þétt að enga útsölu þurfti til að minnka Bítlaplötu birgðir.


Myndin til hægri er tekin árið 1970 og líklega eftir að fréttin frá Sir Paul um að vera hans í The Beatles yrði að líkindum ekki lengri og ljúki hér. Muni höfundur rétt að þá átti Sir Paul jörð á Skotlandi. Segir honum svo hugur að myndin sé tekin þar.

Með Paul á myndinni er kona hans Linda McCartney sem mikið var á ferðinni með manni sínum. Linda varð seinna einn liðsmanna Wings, sem þarna hefur þó ekki enn verið stofnuð en gerðist 1971.



Fréttin sem barst um heiminn kom 10 apríl 1970 og mögulega einnig hér á Íslandi um svipað leit gegnum Ríkisútvarpið en örugglega þann 15 apríl með hálf síðu umfjölluninni um málið í dagblaði/dagblöðum. Á þessum tíma þjóta fréttirnar eins og elding milli landa gegnum loftsskeyti og ólíklegt annað en að Ríkisútvarpið hafi haft hjá sér búnað til að taka við svona skeytum (Telexskeytum?) að utan og gripið þær sem markverðastar þóttu og flutt í næsta fréttatíma og látið minna mikilvægar bíða betri tíma.

Orð frá meðlimum The Beatles vekja á þessum tíma gríðarmikla athygli og staða þeirra gríðar sterk. Líka á Íslandi. Fréttin olli skjálfta upp á nokkur stig á jarðskjálftamæli og líktist þrumu úr heiðskíru lofti fyrir flesta sem voru Bítla megin í þessu.



Mynd til vinstri sýnir plakat sem líklega var gefið út á afmælisdegi Sir Paul McCartney þar sem sjá má ýmsar tölur tengdar honum sem eflaust hafa vakið athygli og áhuga fólks sem vildi vita allt um hann. Hvenær myndin er tekin kemur ekki fram en samt ljóst að er fyrir þann tíma sem hann snýr sér alfarið að grænmetisréttum eins og frægt varð og sagði skilið við allt kjötmeti og kannski líka fiskmeti.

Neðarlega í upptalningunni kemur fram að honum þyki „Roast Beef“- best alls kjöts. Menn breytast og söðla um. Einnig í mat. Og allt svona má fólk.

Plakatið er merkt númer tvö að líklega hafa þeir allir fengið áþekka upptalningu um sig fyrir fólk að rýna í. Ekki er heiglum hent að vera opinber manneskja.

Í ljós kom er höfundur kannaði málið að talsvert hefur verið til af svona sneplum með upplýsingum og spurningum á og svör frá meðlimum sveitarinnar. Höfundur rakst á töluna 45. Hve hátt talan fer veit hann ekki né heldur hvort fleiri hljómsveitir fengu áþekka fyrirgreiðslu.

Eins og sést neðst á myndinni til hægri er um Bandarískt blað eða tímarit að ræða. Allskonar var í gangi.

YFYRLÝSINGIN 10 apríl 1970:


„Paul McCartney hættur í Bítlunum“.

Byrjum áður en við vindum okkur í frétt fréttanna á að rýna í blað eitt sem út kom 1 ágúst 1973. Blaðið hóf göngu sína á Íslandi árið 1940 og er líklega enn gefið út árið 2017. Þar segir eitthvað á þá leið að árið 1971 hafi heimurinn verið laus við Bítlanna í eitt ár og þess getið að þeir hafi starfað frá árinu 1962 til ársins 1970. Hér má heyra að sá sem mundi pennanum sé slétt sama um hvort séu Bítlar eða ekki og kannski með Bítlaóð börn heima að drepa sig úr hávaða.

Penni þessi segist ekki vita til þess að nokkur annar hafi haft jafn mikil áhrif á samtíma sinn og Bítlarnir. Og bætir við að nánast allt sem þeir gerðu hafi verið apað upp eftir þeim, bæði gott og vont.

Talað er um sítt hár, frumlegan fatnað, ferskar hugmyndir, og ýmislegt annað og þess getið að ekkert af þessu sé samt neitt nýtt í heimunum en The Beatles hafi tekist að gera þetta að tískufyrirbærum og dellum. Átt við bíladellu, hjóladellu, hestadellu og eitthvað sem grípi fólk.

Einnig er talað um að George Harrison, sem var yngsti bítillinn og árið 1973 28 ára gamall, að hann hafi ætíð virst hafa verið varaskeifa hjá Bítlunum og að farið svona frekar litið fyrir honum, og hinir þrír sífellt fréttæfni. Einnig segir að Ringo hafi verið þeirra vinsælastur, í allavega Ameríku fyrstu frægðarárin.



Sjálfur sagði George síðar ekki hafa átt mörg lög á tíma The Beatles og að hans söngvar hafi haft jafnan aðgang og lotið sama og gildi um hina í The Beatles. Þannig var svolítið mórallinn að mönnum fannst oft að George væri hafður útundan.

Ekki má gleyma hinu að menn áttu sér svolítið sinn eigin Bítill sem þeir stóðu með og vörðu. Sannleikurinn er að sé ekkert til er um ekkert að velja. Þetta var svona útdúring og til gamans gert.

Snúum okkur að umfjölluninni.

Vorið 1970 eru eflaust margir orðnir sér meðvitaðir um að svolítið hafi saxast upp úr vinskáp fjórmenninganna þó fæstir hafi átt von á að staðan væri alvarleg og að sundur mundi slitna og gerast með hvelli og skyndilega sem og varð niðurstaðan og með því ljóst að áhangendur The Beatles fengju ekki fleiri nýjar Bítlaplötur né gætu fylgst með þróun tónlistar þeirra og greina áfram stöðuga framför. Öllu þessu var lokið.

Eins og áður segir kom yfirlýsingin fram 10 apríl 1970 og flaug um heiminn á eldingahraða með miklum viðbrögðum sem engum ætti samt að vera neitt sérstakt undrunarefni miðað við allan atganginn árin á undan og hve þessir menn voru greptir inn í hjörtu manneskja hringinn í kringum jörðina og verkin sem urðu til fyrir þeirra hendur einnig. Hvernig sem menn taka svona lögðu er þetta samt það sem gerðist og staðreynd sem engin fær horft framhjá.

Svo því sé haldið til haga að þá getur verið svolítið erfitt verk að taka svona efni saman vegna þess það er svo nátengt einstaklingum sem maður vill helst ekki þurfa að draga of mikið inn heldur láta verkin sem þeir unnu frekar tala sínu máli. Allt svolítið vandasamt og krefst sinnar nærgætni og heilmikillar visku og setur höfundur í vissa stöðu sem vekur honum upp spurningar um hve langt skuli ganga en samt vera með upplýsandi efni og skemmtilega lesningu.

15 apríl 1970 birtist hálf síðu grein í Vísi sem segir frá því að yfirlýsingin hafi komið eins og reiðarslag er menn lásu að Paul McCartney væru hætta í Bítlunum, allavega um stundasakir, að sagt var, líklega óskhyggja þess sem skrifaði frekar en vera haft beint eftir Paul sjálfum, sem, eftir á að hyggja, má efast má um að séu hans beinu orð miðað við margt sem síðar kom frá honum um málið. Af þessu sést líka að talsvert fjaðrafok verður af yfirlýsingunni og að margt hafi farið í gang. Fólkið átti sér engan annan draum heitari en að The Beatles yrðu áfram með því og gekk á eftir þeim með grasið í skónum mörg næstu ár, bjóðandi þeim risavaxnar upphæðir héldu þeir tónleika sem John sagði um er eitt slíkt tilboð var í gangi og úr öllum takti við nokkurn veruleika einhverveginn svona: Engir menn eru verðir svo mikilla peninga. Ekki heldur Bítlarnir“.

Með reglulegu milli bili næstu árin var þessa farið á leit við þá jafnhliða því að fólk reyndi að koma auga á nýja „Bítla“ í hinni og þessari hljómsveit sem stofnuð var á þessum tíma. Hljómsveitinn „Free“ varð eitt bandanna sem menn sögðu um að næði athygli til jafns við Bítlanna. The Beatles voru lengi viðmiðið og eru, heyrir maður, sumpart enn. „Free“ naut gríðarlegra hylli og skaust eins og elding upp á stjörnuhiminninn. Þeir störfuðu stutt.

Ljóst er að menn vildu áfram hafa sína Bítla þó meira bæri á þessu fyrstu árin eftir að The Beatles hættu. Þetta stóð samt nokkuð lengi en fjaraði saman út. En þó ekki. Skoðað með augum nútímans. Reyndar leita menn ekki lengur nýrra Bítla heldur skoða þeir efni frá þeim og sækja tónleika Sir Paul McCartney og Ringo Starr sem endalaust eru á ferð og flugi.

Þruma úr heiðskíru lofti.

Eins og fyrr greinir frá var 15 apríl 1970 andartakið og dagurinn sem allt þetta hvolfast yfir mig og alla hina með mér.

Ensk blöð tóku þetta sem endanlegt merki um að nú væru endir bundin á frekara samstarf piltanna og töldu að framvegis myndu þeir koma fram sem einstaklingar, eða tveir eða þrír en aldrei aftur allir fjórir undir nafninu The Beatles. Þarna geta Bresku blöðin sér rétt til því akkúrat þetta gerðist. Það vitum við árið 2017. Næst Bítlunum var er Paul, George og Ringo komu saman kringum samantekt Anthology safnsins 1994 - 1996.

Haft var eftir John er hann eitt sinn af mörgum skiptum var spurður hvort möguleiki væri á samruna piltanna að hann sagði eitthvað á þá leið að víst væri það fræðilegur möguleiki, þó hann skildi ekki sjálfur hví hann ætti að vilja gera þetta, eða eitthvað í þessum dúr. Sjá má að afstaða Johns í málinu er mjög öndverð hugmyndinni um upprisu The Beatles þó væri mögulega vinnandi vegur. Vanti mann viljann gerist ekkert.

Í raun tekur Paul í sama streng og Lennon er hann segir að það væri hörmulegt ef hann og John hæfust handa aftur og kæmust að því að þeir gætu ekki lengur unnið saman. Við sjáum af þessu og mörgu öðru sem sagt var eftir 10 apríl 1970 að ákvörðunin um að segja skilið við The Beatles er tekin að vel athugaði máli og niðurstaðan engin skyndiákvörðun heldur væri verk sem ekki væri til lengdar hægt að sveigja framhjá og yrði að horfast í augu við, hvað sem tautaði og raulaði. Bítlarnir voru klárir gæjar og vissu hvað best væri að gera í stöðunni, en eru stöðu sinnar vegna í vissum vanda. Vegna auðvitað áhrifanna út á við sem gátu ekkert orðið neitt annað en mikil. Hver sem til þekkir veit ekki af miklum áhrifum Bítlanna? Harkalegt og sárt en hið eina gerlega í stöðunni úr því samstarfið innan hópsins er allt molnað og riðlað.

Meðlimir The Beatles höfðu um tvennt að velja. Halda áfram eða hætta. Mannskipti voru útilokuð. Bítlarnir voru fjórir. Allir vissu nöfnin. Fólkið þekkti andlitin. Breytingar á liðskipaninni var ekki möguleg og var staðan.

Engin þarf að undra að ef Bítlarnir okkar blessuðu hættu að verkið yrði mörgum neitt nema sár reynsla. Kannski óskiljanlegt, kannski órókrétt, kannski arfavitlaus viðbrögð, örugglega röng, fúl og kjánaleg en sannleikur og staða sem kom upp. Seinna, með eftirá skíringunum, kom skilningur á og það upplaukst fyrir mönnum að ekkert annað hafi verið hægt. Fáir hins vegar í apríl 1970 hugsuðu málið svona né heldur leiddu huga sinn að því að menn, allir menn, þoli bara álag upp að ákveðnu marki.

En hví að vera að rifja þetta upp núna? Af einni ástæðu. Atvik af þessum toga eru alltaf að gerast og kannski hefur þú sjálfur og sjálf staðið fram fyrir áþekku verki og það laukst upp fyrir þér að best væri að splitta öllu. Sama hverjar afleiðingar yrðu.

Í kjölfarið var ýmsu velt upp og það sagt að yfirlýsing Pauls hafi verið eftir rifrildi hans við John og John rekið endahnútinn á samstarfið og hafi knúið hinn til að stíga fram og gefa út téða yfirlýsingu föstudaginn 10 apríl 1970 um að nú drægi hann sig í hlé.

Sjálfur sagði Paul að margar orsakir lægju þar að baki, persónulegar, listrænar og viðskiptalegur ágreiningur við félagana sína til margra ára. Einnig kemur fram að Paul væri afskaplega andvígur því og óánægður með að gerður hafi verið tíu ára starfssamningur við

ágætan Amerískan lögfræðing að nafni Allan Klein, sem samt var undirritaður og gengið frá á viðeigandi máta. Á þessum tíma segir að Paul hafi sjálfur mælt með tengdaföður sínum í verkið Leopold Vail Eastman (1910 - 1991) að nafni sem ekki var fallist á vegna tengslanna. Niðurstaðan var Allan Klein. Sjá má að allskonar leiðindi eru komin upp á þessum tíma.

Hvað sem hæft er í því var því haldið fram að ástandið á milli þessara tónlistarsnillinga Lennon/McCartney væri slíkt og í mörg ár á undan að þeir hafi ekki lengur getað samið saman lög fyrir fyrirtæki Bítlanna APPLE. Seinna jafnaði þetta sig nokkuð þó áfram væri viss aðskilnaður viðhafður. Menn einfaldlega breytast og viðfang allt verður annað. Allt eðlilegt.

(APPLE- er útgáfufyrirtæki í eigu The Beatles. Það var stofnað 1968 sem Allan Klein veitti forustu frá árinu 1969 til 1973 er Neil Aspinall kom að málinu og rak firmað til ársins 2007. Núverandi forstjóri APPLE er Jeff Jones. Fram að komu Allans Klein telur höfundur að svolíttill ringulreið hafi verið á rekstrinum og margir lausir endar þar sem þurfti að hnýta, og talsvert háir reikningar greiddir fyrir kaup á áfengi, eins og einhverju sinni var haft eftir Ringo Starr sem viðurkenndi að sumt þar innandyra hafi fráleitt verið í lagi. Á allt má koma skikk og var líka gert).

Allskonar vangaveltur voru togaðar fram er heimsbyggðin fékk vægðarlausa fréttina beint framan í sig og lá afvelta og stynjandi og sumir foxandi illir.

Gefum Paul McCartney sjálfum orðið:
„En mest eru þessi samvinnuslit nú orðin vegna þess að mér líður stundum miklu betur, þegar ég er hjá fjölskyldu minni, og þetta gerir mér kleift að verja fleiri stundum með henni. (Vísir 15 apríl 1970)“-



Hér skal haft skal í huga að 12 mars 1969 gekk Sir Paul McCartney að eiga þáverandi konu sína Lindu Eastman sem eftir það fékk McCartney nafnið aftan við sitt nafn, eins og víst er síður þarna í Englandi. Og hvar ætli mönnum líði best nýgiftum? Vitum við ekki svarið? Gifting þeirra fór fram í kirkju sem heitir St John's Wood Church (Sjá mynd) og er að sjá fegursta bygging.



Mynd til vinstri Paul McCartney og Linda McCartney.

Í yfirlýsingi Bítilsins kemur fram að sjálfur efist hann um að hann muni nokkurn tíman aftur sameinast Bítlunum og það eina sem hann hafi á þessum tímapunkti ráðgert sé að verða fullorðinn. Flott markmið.

Er öllum var það ljóst orðið hvað skeð hafði með Bítlanna kom í ljós að Paul var tilbúinn með fyrstu sólóplötu sína og að hún kæmi út á næstu dögum eftir yfirlýsinguna frá honum.

Vitaskuld var hann spurður út í þessa nýju hljómplötu sem hann einn var höfundur að ásamt að hafa samið alla söngvana og séð um allan hljóðfæraleik og söng sjálfur. Þetta spjall við hann var gert áður en yfirlýsingin um að hann væri hættur í Bítlunum barst út og hann spurður út í það hvort þetta táknaði hlé frá Bítlunum og upphafið á sólóferli Pauls.

Gefum McCartney aftur orðið:

„Það verður tíminn að leiða í ljós“, sagði hann þá. „Að þetta er sólóplata, mín fyrsta af því tagi, þýðir í sjálfu sér auðvitað byrjun á því að ég vinni eitthvað einn á báti. Og þar sem Bítlarnir koma ekki nærri henni, þýðir auðvitað, að það hefur orðið eitthvert hlé á samstarfi okkar. (Vísir 15 apríl 1970)“

Svar Cartneys fannst mönnum nokkuð loðið en samt í grunninn skír lýsing á hvernig samstarfi þeirra félagar í Bítlunum hafði verið háttáð árið 1969, að það samanstóð í þá daga af öðru en logni. Sagt var að á þeim tíma hefðu félagarnir aðeins unnið saman tveir og tveir og Paul og Lennan ekki unnið lengi saman.

Paul var spurður að því hvort hann hafi sérstaklega átt við John Lennon er hann sagði að ein ástæðan væri persónulegur ágreiningur fyrir því hann vildi komast út úr þessu samstarfi:

„Ég hef mikið dálæti á John og ber virðingu fyrir starfi hans, en það er mér engin ánægja lengur að starfa með honum, ekki eins og fyrrum var“, - sagði McCartney. (Vísir 15 apríl 1970)“

Samtalið heldur áfram og Paul spurður um allt mögulegt og einnig hvort minnsti fræðilegi möguleiki sé á að tónlistarstirnið *Lennon/McCartney* semji saman lög til framtíðar litið. Svar Pauls var þvert nei. Krakkar mínir! Sumu er bara lokið.

Í gegnum meira og minna allt samtalið má greina þessa einkennilegu þráhyggju um hvort mögulegt sé, eilítil von, lítið hálmstrá fyrir fólk að halda í, um að fá Bítlanna aftur upp á sviðið og Lennon og McCartney til að semja fleiri söngva saman fyrir fólk til að ylja sér við. Fyrir allt svoleiðis er ítrekað tekið og segir manni í dag að ákvörðunin hafi verið vel pæld. Og auðvitað þá vegna mögulega, kannski örugglega, harðra viðbragða fólks, fjölmiðla og því fólki sem eins og upplifði sig eins og vera skilið eftir á óvissusvæði og landi sem engin sé lengur eigandi að. Og viðbrögðin létu ekki á sér standa og á einhverjum stað fékk Lennon til stíga fram og segja eitthvað í þeim dúr að hvað óskapar læti þetta eiginlega væru og að Bítlarnir hafi bara verið venjuleg lítill rokkhljómsveit sem væri hætt störfum. Og ekkert merkilegt. Og klykkti svo út með orðum einhverveginn svona: „Þið hafið plöturnar. Hlustið á þær“. Merkilegir tímar. Og meira. Einstakir.

Upphaflega tilkynning Pauls um að hann væri hættur kom frá Apple, sem er útgáfufyrirtæki þeirra fjórmenna, sem til að byrja með var út frá því gengið að væri opinbera yfirlýsingin komin frá fyrirtækinu sjálfu, en eftir að blaðamenn töluðu við blaðafulltrúa fyrirtækisins lét hann hafa eftir sér að hin hreinskilna yfirlýsing Pauls hafi menn misskilið. Bítlarnir muni halda áfram að vera til. Þeir eru einfaldlega bundnir fram í tímann í fleiri ár.

Daginn eftir áréttaði Paul að hann væri hættur. Hinir þrír höfðu ekkert látið hafa eftir sér um þetta.

Allt er málið þarna í restina orðið svolítið farsakennt og margt farið að rekast á hvers annars horn. Muni höfundur rétt lét George Harrison hafa eftir sér að hann hafi aldrei heyrt minnst á að Bítlarnir hefðu samninga langt fram í tímann sem skikkuð þá áfram í samstarf um ókomna tíð. Leiða má að því líkum að upplýsingar innan veggja APPLE sjálfs hafi verið ábótavant. Slíkt er engin ný bóla heldur vandi sem víða leynist.

Bítladraumnum lauk 10 apríl 1970 en þó ekki því hann lifir með okkur enn í dag. Bara með öðrum hætti. Segjum þetta gott.

Flettið niður.



Hljómsveitin Wings. Nokkur orð.



Fram kemur að er Paul gefur út yfirlýsinguna um brottför sína úr The Beatles sé hann með tilbúna sólplötu. Seinna hóaði hann saman í band sem fékk nafnið Wings. Og náði það talsverðum vinsældum og þótti af mörgum hreint afbragðs hljómsveit.

Fyrsta plata Wings leit dagsins ljós 7 desember 1971 og heitir „Wild Life“ og fékk svona frekar dræmar og máski allavega viðtökur þó höfundur hafi alla tíð fundist hún ágæt.

Plata númer tvö frá Wings er „Red Rose Speedway“- og er ágætis verk frá hljómsveitinni og hlaut talsvert lof. Platan kom út 30 maí 1973 í Englandi og 4 maí 1973 í Bandaríkjunum. Þar má finna lagið fallega „My Love“- og einnig „One More Kiss“- Söngvarnir heyrðust talsvert á ljósvakamiðlum og einhverjir eflaust hafnað á vinsældarlistum.

Þriðja plata sveitarinnar er sennilega frægasta plata Wings og er það „Band On The Run“- Hún kom einnig út árið 1973 og birtist Englendingum í verslunum 5 desember og Bandaríkjamönnum 7 desember 1973. Þar má finna lagið sem platan heitir eftir, „Jet“- og fleiri ágætis söngva.

Wings-platan eftir þessari er „Venus And Mars“- með útgáfudaginn 27 maí 1975 og þótti allvel heppnum skífa frá bandinu. Verkið var tekið upp í Abbey Road- stúdíóinu í London í nóvember 1974 og febrúar 1975. Þar finnum við lögin „Rock Show,- Listen to What the Man Said“- og mörg önnur sem við könnumst vel við og ganga með okkur sumum enn í dag.

„Wings at the Speed of Sound“- hefur útgáfudaginn 25 mars 1976 og höfundur eignaðist á kassettu keyptri út í Hamaborg sama ár og jafn mikið spiluð á þessum tíma og kassettarnar með Genesis „A Trick Of The Tail,- How Dare You“ með 10CC- og gott ef ekki líka Queen-kassettan „A Night At The Opera“ sem var talsvert vinsæl þá.- Allar þessar plötur (kassettur í mínu tilviki) komu út 1976 og nutu mikilla vinsælda og allar vel spilaðar á allavega mínum bæ. Skipi, réttara sagt og hét m.s.Laxá. Góður tími til sjós.

Á „Wings at the Speed of Sound“- heyrum við lög á borð við „Silly Loves Song,- Let Em In“- og fleiri góð.

„London Town“- er næst á eftir á útgáfulista Wings og er platan sem fyrir mína parta er sú besta frá hljómsveitinni. Svo sem engin áttakplata en einhvernvegin hefur frá fyrstu tíð haft ljúfan tón með sér fyrir alltént minn smekk sem ég hef alltaf jafn gaman af að heyra. Eitthvað í henni fær mann til að líða vel. Og ætli séu til betri meðmæli? „London Town“- hefur útgáfudaginn 31 mars 1978 og inniheldur söngva, auk London Town, á borð við „Girlfriend,- Whit Little Luck,- Deliver Your Children“- og fleiri.

Seinasta plata Wings kom út 1979. Hún fékk nafnið „Back To The Egg“- og hefur útgáfudaginn 24 maí í Bretlandi og 8 júní 1979 í Bandaríkjunum. Þar finnum við söngva á borð við „Getting Closer,- So Glad to See You Here, (flott yfirskrift)- After the Ball, Million Miles“-

Oft á þessum tíma var gefin út smáskífa jafnframt LP- plötu sem ekki var höfð á henni í öllum tilvikum. Lagið fallega „Mull Of Kentucky“- með Wings kom út á tveggja laga 45snúninga hljómplötu og seldist í um tveim milljónum eintaka og sló út Bítalagði „I want To Hold Your Hand“ sem seldist í 1,9 milljón eintaka að sjá má að Wings átti talsverðri velgengi að fagna starfstíma sinn og ekki bara vegna þess að Sir Paul McCartney væri þar með, líka hinu að hljómsveitin vann góð verk.

Wings lét gera um sig tónleikamynd sem fékk nafnið „Wings Ower America“- sem svolítið var komið í tísku að gera hjá þekktum og stórum böndum til að leyfa fólkinu að komast örlítið nær sér og nota til þess þessa leið tækninnar og form kvikmyndarinnar með bestu mögulegu hljómgæðum sem til voru á þeim tíma. Fleiri fræg og virt bönd fóru þessa leið. Eins og Genesis, Yes, The Band og eflaust fleiri. Hvernig verkið kom út peningalega er ekki gott að segja. Allavega fer ekki mikið fyrir nákvæmlega svona í dag en var svolítið um í þann tíð.

Einstaka þessara tónleikamynda sá maður hér heima og til að mynda myndina „Wings Over America“, sem mig minnir að hafi verið sýnd í Laugarásbíó í Reykjavík. Með í för var einn bræðra minna og móðir mín blessunin. Undir tónaflóðinu sátum við bræður heillaðir frá byrjun til enda og er við komum út í bíl spurði ég móður mína hvernig henni hafi fundist: „Bara skemmtilegt“ sagði hún. Og bætti við: „Það var þarna einn á sviðinu sem stóð haus“- Minnir að Denny Laine, sem þá var kominn aftur í Wings, hafi gert þetta í lok tónleikanna. Atriðið virtist hið eina sem hún blessunin mundi eftir af þessum ágætu bíómynda tónleikum Wings. Vel er þekktur að smekkur fólks sé misjafn.



Paul McCartney er hér kominn með hljómsveitina Wings hvort sem myndin af kappanum sé tekin á tónleikum, í hljóðupptökuveri eða á æfingu heima. Fylgir ekki með hvers kyns sé.

Feril Sir Paul McCartney er merkilegur og hlýtur að vera einkennileg tilhugsun að vera með frægustu mönnum veraldar lungað úr sinni ævi eins og gilt hefur um hann og féлага hans sem með honum voru í Bítlunum. Bara Ringo og Paul eru enn á lífi. Hinir tveir eru horfnir yfir móðuna miklu. Svona er þetta. Rétt hjá John: Við höfum enn plöturnar.

Gert til gamans og vonandi einni nokkurs fróðleiks.

Kveðja. KRF.